

Leiðréttingar

Rannsóknarnefnd um Íbúðalánasjóð o.fl. skilaði skýrslu sinni til Alþingis 2. júlí sl. og lauk nefndin þar með störfum. Vefútgáfa skýrslu nefndarinnar er aðalútgáfa skýrslunnar og jafnframt hin endanlega gerð hennar. Skrifstofa Alþingis hefur leitast við að leiðrétta beinar villur um staðreyndir eftir því sem tók eru á.

Í kafla 6.5.2.2 á bls. 197 segir:

„Ekki fæst séð að umrædd staða hafi verið auglýst er Hallur var fyrst ráðinn árið 1999“.

Hið rétta er að *Hallur var fyrst ráðinn til íbúðalánasjóðs í kjölfar starfsauglýsingar sem birtist a.m.k. í Morgunblaðinu 6. júní 1999. Þar sem auglýst var eftir yfirmanni gæða- og markaðsmála hjá Íbúðalánasjóði.*

Í kafla 13.15 á bls. 138 segir:

„Samanlagður hagnaður frá 2004 til 2007 var tæpar 800 milljónir króna og útborgaður arður til eigendanna þriggja, sem nefndir voru hér að framan, var um 430 milljónir króna.“

Hið rétta er að *Samanlagður hagnaður frá 2004 til 2007 var tæpar 800 milljónir króna og útborgaður arður til eigenda var um 430 milljónir króna (Ingibjörg Baldursdóttir seldi hlut sinn í félaginu árið 2006 og eiginmaður hennar gekk þá jafnframt úr stjórn þess).*

Í kafla 16.2.7 á bls. 213 segir:

„Eiríkur Guðnason, einn af bankastjórum Seðlabankans, var skipaður í nýja stjórn Fjármálaeftirlitsins“.

Hið rétta er að *Birgir Ísleifur Gunnarsson, einn af bankastjórum Seðlabankans var skipaður í nýja stjórn Fjármálaeftirlitsins og sat í stjórn þess til ársbyrjunar 2000 en þá tók Finnur Ingólfsson seðlabankastjóri sæti hans.*

og

„þ.e. að Eiríkur hafi verið skipaður eftir að hann samþykkti hver yrði forstjóri,“

Ekki er rétt það sem fram kemur að *Eiríkur Guðnason hafi verið skipaður í stjórn hins nýja Fjármálaeftirlits.*